

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 425 11. ágúst 1980,
um veiðar á loðnu á haustvertíð 1980 og vetrarvertíð 1981.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frá og með 5. september 1980, þar til annað verður ákveðið er þeim skipum, er talin eru hér á eftir, heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrárnúmer:	Leyfilegt aflamagn
Albert GK 31	1046	8 100
Arnarnes HF 52	1020	7 900
Ársæll KE 17	0965	7 100
Bergur VE 44	0968	7 500
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	11 300
Börkur NK 122	1293	11 300
Dagfari ÞH 70	1037	7 600
Eldborg HF 13	1525	14 100
Fífill GK 54	1048	8 100
Gígja RE 340	1011	8 800
Gísli Árni RE 375	1002	8 100
Grindvikingur GK 606	1512	10 800
Guðmundur RE 29	1272	10 000
Gullberg VE 292	1401	8 100
Hafrún ÍS 400	1050	8 300
Harpa RE 342	1033	8 300
Hákon ÞH 250	1059	9 200
Helga II RE 373	1018	7 700
Helga Guðmundsdóttir BA 77	1076	8 900
Hilmir SU 171	1551	12 400
Hilmir II SU 177	1044	7 800
Hrafn GK 12	1006	8 400
Huginn VE 55	1411	8 100
Húnaröst ÁR 150	1070	8 300
Ísleifur VE 63	1056	7 000
Jón Finnsson RE 506	1283	8 100
Jón Kjartansson SU 111	0155	11 100
Júpiter RE 161	0130	12 400
Kap II VE 4	1062	8 500
Keflvíkingur KE 100	0967	7 500
Ljósfari RE 102	0973	7 800
Magnús NK 72	1031	7 600
Náttfari RE 75	1035	7 600
Óli Óskars RE 175	0226	12 600
Óskar Halldórsson RE 157	0962	6 900
Pétur Jónsson RE 14	1069	9 200
Pétur Jónsson RE 69	1061	8 500
Rauðey AK 14	1030	7 800
Seley SU 10	1361	7 000
Sigurður RE 4	0183	13 000

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrárnúmer:	Leyfilegt aflamagn
Sigurfari AK 95	1413	9 700
Skarðsvík SH 205	1416	8 100
Skírnir AK 16	0233	7 100
Stapavík SI 4	0979	7 600
Súlan EA 300	1060	9 200
Svanur RE 45	1029	8 500
Sæberg SU 9	0252	8 000
Sæbjörg VE 56	0989	8 100
Víkingur AK 100	0220	12 500
Þórður Jónasson EA 350	0264	7 400
Þórshamar GK 75	1501	8 000
Örn KE 13	1012	7 900

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein, verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. október 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

SAMÞYKKT

um hundahald á Akureyri.

1. gr.

Hundahald er bannað á Akureyri, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum, leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki og leitarhundum til aðstoðar björgunar-sveitum.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita mönnum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu heilbrigðisfulltrúa og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við skráningu og eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Gjaldið skal greitt um leið og hreinsun fer fram, sbr. f-lið. Hundar, sem blindir menn þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar svo og hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum þessarar samþykktar.
- Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að tryggt sé að trygging taki til tjóns, sem hundurinn kann að valda.